

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 21. október 2021

Mál nr. S-809/2022:

Ákærvaldið

(*Finnur Þór Vilhjálmsson saksóknari*)

gegn

Sigurði Erni Arnarsyni

(*Páll Kristjánsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 21. september, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 26. apríl 2022, á hendur Sigurði Erni Arnarsyni, kt. 000000-0000, [...], „fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum í rekstri einkahlutafélagsins [...] (áður [...] ehf. og [...] ehf.), kt. 000000-0000, nú gjaldþrota, sem daglegur stjórnandi félagsins og stjórnarformaður félagsins frá 26. mars 2018 til 17. desember s.á. en eftir það sem framkvæmdastjóri og eini stjórnarmaður þess:

1. Með því að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum einkahlutafélagsins á lögmæltum tíma vegna uppgjörstímabilanna júlí – ágúst og september – október rekstrarárið 2018 og með því að hafa ekki staðið ríkissjóði skil í samræmi við IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, á virðisaukaskatti sem innheimtur var, eða innheimta bar, í rekstri einkahlutafélagsins vegna uppgjörstímabilanna júlí – ágúst, september – október og nóvember – desember rekstrarárið 2018, samtals að fjárhæð 11.587.325 krónur, sem sundurliðast svo:

2018

júlí – ágúst	kr.	3.656.772
september – október	kr.	5.250.137
nóvember – desember	kr.	2.680.416
Samtals	kr.	11.587.325.

2. Með því að hafa ekki staðið á lögmæltum tíma skil á staðgreiðsluskilagrein einkahlutafélagsins vegna staðgreiðslu opinberra gjalda vegna greiðslutímabilsins ágúst rekstrarárið 2018 og með því að hafa ekki staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna greiðslutímabilanna apríl til og með desember rekstrarárið 2018 og janúar rekstrarárið 2019, samtals að fjárhæð 29.474.728 krónur, sem sundurliðast svo:

2018		
apríl	kr.	2.955.904
maí	kr.	3.281.554
júní	kr.	2.813.012
júlí	kr.	2.501.725
ágúst	kr.	2.586.547
september	kr.	3.077.481
október	kr.	2.991.114
nóvember	kr.	3.729.298
desember	kr.	2.875.207
	kr.	26.811.842
2019		
janúar	kr.	2.662.886
	kr.	2.662.886
Samtals	kr.	29.474.728.

Brot ákærða teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, vegna brota samkvæmt

ákærulið 1 og sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, vegna brota samkvæmt ákærulið 2.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði kom fyrir dóm og játaði þá háttsemi er honum er gefin að sök í ákæru. Með játningu sinni, sem fær næga stoð í gögnum málsins telst ákærði sannur að sök samkvæmt ákæru og hefur unnið sér til refsingar.

Rannsókn skattrannsóknarstjóra á skattskilum ákærða hófst 13. 3. 2020 og tilkynnti embættið ákærða um lok rannsóknarinnar með bréfi dags. 8. 7. 2020. Með bréfi 2. 9. 2020 tilkynnti skattrannsóknarstjóri ákærða að málinu hefði verið vísað til héraðssaksóknara. Af hálfu ákærða var fyrir dómi vísað til laga nr. 29/2021 og byggt á að í ljósi þeirra breytinga sem þar voru gerðar bæri ekki að heimfæra þá háttsemi ákærða, sem fjallað er um í máli þessu, til 1. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940 heldur eingöngu til tilgreindra ákvæða laga nr. 50/1988 og 45/1987. Af hálfu ákæruvalds var þeim sjónarmiðum hafnað. Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 35/2021 verður ekki talið í málinu að lög nr. 29/2021 leiði til þess að háttsemi ákærða verði ekki heimfærð með þeim hætti sem í ákæru er gert. Verður háttsemi ákærða heimfærð til refsheimilda eins og gert er í ákæru. Samkvæmt sakavottorði hefur ákærða, sem játar sök í málinu, ekki verið gerð refsing áður. Samkvæmt gögnum málsins greiddi ákærði 1.700.000 krónur inn á staðgreiðslu vegna októbermánaðar 2018 og skilagreinum vegna hans var skilað innan lögboðins frests. Þegar á allt er horft ákveðst refsing ákærða fangelsi í níu mánuði en fullnustu hennar skal frestað og niður falli hún að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940. Ákærða verður gert að greiða 71.348.199 króna sekt í ríkissjóð en 360 daga fangelsi komi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna. Loks verður ákærða gert að greiða málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Páls Kristjánssonar lögmanns, 613.800 krónur með virðisaukaskatti, en ekki mun annar sakarkostnaður hafa fallið til. Af hálfu ákæruvaldsins fór Finnur Þór Vilhjálmsson aðstoðarsaksóknari með málið. Þorsteinn Davíðsson kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Örn Arnarson, sæti fangelsi í níu mánuði. Fullnustu þeirrar refsingar skal frestað og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð.

Ákærði greiði 71.348.199 króna sekt í ríkissjóð en 360 daga fangelsi komi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði greiði 613.800 króna þóknun skipaðs verjanda síns, Páls Kristjánssonar lögmanns.

Þorsteinn Davíðsson